

Því dæmist rétt vera:

Stefndi ráðherra Íslands fyrir hönd landsjóðs á að vera sýkn af kröfum sækjanda Samsonar Eyólfssonar í þessu máli. Sækjandi greiði stefnda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Hinum skipaða talsmanni sækjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflytningu 20 kr af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz

Nr. 56/1909:

Anna Marie Lauritzen
gegn

Ludvig Olaf Rye Bruun.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, ógiftur kvenmaður Anna Marie Lauritzen höfðaði mál þetta fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda Ludvig Olaf Rye Bruun, til þess að fá hann dæmdan til að greiða meðlag með barni hennar, Ella Johanne Lauritzen, er hún ól 4. jan. f. á. og lýsti stefnda föður að, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Var málið dæmt í lögregluréttinum 12. ágúst f. á. á þá

leið, að stefndi á að vera sýkn af kröfum áfryjanda, svo framarlega hann eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi átt holdlegt samræði við áfryjanda á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barni hennar, Ella Johanne Lauritzen, er hún ól 4. jan. f. á., og á málskostnaður þá að falla niður; en vinni hann eigi þennan eið, á hann að greiða meðlag með nefndu barni eftir á úrskurði yfirvaldsins og málskostnað til áfryjanda, að upphæð 10 krónur. Þessum lögregluréttardómi hefir Anna Marie Lauritzen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. des. f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflytningsmann; hefir málflytningsmaður hennar gjört þær réttarkröfur, að hinum áfryjanda dómi verði breytt þannig, að áfryjanda verði leyft að staðfesta faðernislýsingu sína með eiði, að stefndi verði dæmdur til að greiða meðlag með barni áfryjanda, og að honum verði gjört að greiða málskostnað, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflytningslaun til málfærslumannsins, hvernig sem^r úrslit málsins verða. Stefndi, Ludvig Olaf Rye Bruun, hefir af sinni hálfu látið gjöra þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða kostnað málsins fyrir þessum rétti.

Eins og tekið hefir verið fram, lýsir áfryjandinn stefnda föður að barni hennar, Ellu Johanne Lauritzen, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Árið 1905—06 var áfryjandi í þjónustu stefnda í Kaupmannahöfn, og átti hún þá barn með honum í októbermánuði 1906. Síðan fluttist stefndi hingað til lands, en í marz og apríl 1908 var hann í Kaupmannahöfn og hitti þá áfryjanda. Segir

hún, að samfarir þeirra hafi þá verið þær síðast í marz og fyrst í apríl, að hún hafi orðið þunguð af hans völdum. Stefndi kannast við, að hann hafi hitt áfrýjanda tvisvar á götu um þetta leyti, en þvertækur fyrir, að hann hafi haft holdlegt samræði við hana. Sérstaklega hefir stefndi neitað því, að hann hafi hitt áfrýjanda 6. apríl 1908, með því að hann hafi legið rúmfastur þennan dag, en hún hefir borið það fyrir rétti, að þau hafi hilt nefndan dag, og átt þá samræði saman heima hjá henni. Með því nú að ekkert það er fram komið í málinu, er sanni eða styrki faðernislýsingu áfrýjanda, verða úrslit málsins að vera komin undir eiði stefnda samkvæmt N. L. 6—13—5, og á þann hátt, er segir í hinum áfrýjaða dómi. Þar sem málskostnaðarákvæði dómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir atvikum virðist málskostnaður fyrir yfirdómi mega falla niður, en málflytningu hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, er ákveðast 15 kr., skulu greiddast úr landsjóði, og vottast jafnframt, að málsfærslan af hans hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, og málflytningu hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gislasonar, 15 krónur, greiðist úr landsjóði.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar sé 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.